

SKÝRSLA VALLARSTJÓRA

2023

Golfklúbbur Öndverðarness

Einar Ólafur Pálsson

Skýrsla vallarstjóra 2023

Sumarið hófst með vel heppnuðum vinnudegi þann 20.maí og opnaði völlurinn um hæl þan 21.maí eftir langan og kaldan vetur. Í sumar fjölgaði starfsmönnum um einn frá 2022.

Friðrik Guðmundsson og Hrannar Freyr Harðarson hafa starfað hjá klúbbnum síðastliðin ár og vel kunnugir staðháttum.

Ásamt undirrituðum komu inn nýjir starfsmen sem eru að stíga sín fyrstu skref í starfi: Skarphéðinn Steinn Sveinsson, Guðmundur Stefánsson, Einar Bragi Ágústsson, Þrolákur Breki Baxter og Guðrún Lilja Árnadóttir.

Friðrik og Hrannar hafa starfað hjá okkur í nokkur ár. Friðrik starfar hér allt árið og Hrannar verður með okkur fram að áramótum og mætir svo aftur til starfa í vor. Reynsla þeirra var gulls í gildi þetta krefjandi sumar.

Ástand og viðhald vallar

Veturinn olli þónokkrum skaða á golfvelli þetta árið, vorið var einstaklega þurr og kalt. Klakamyndun var lítil eftir að blásið var af flötunum í janúar. Það fór því miður svo að blásarinn skildi eftir sig rendur í flötum sem eru orðnar meðlimum góðkunnar.

Sumarið var annaðhvort í ökla eða eyra veðurfarlega séð. Vorið var kalt, mjög blautt lítill hiti fram í Júlí. Í Júlí kom ekki nema 1.7mm úr lofti og 44 mm út þriðju vikuna í ágúst. Erfiðlega gekk að koma vexti í allan völlinn og þá helst flatirnar. Enda fóru þær ekki að batna fyrr en alveg undir lok sumarsins.

Meðal lofthiti eftir mánuðum

Apríl - 5°C
Maí - 7°C
Jún - 10°C
Júlí - 12°C
Ágúst - 12°C
Sept - 10°C

Úrkoma eftir mánuðum

Apríl - 40,1 mm
Maí - **235,3 mm**
Jún - 163,7 mm
Júlí - **1,7 mm**
Ágúst - 77,4 mm
Sept - 194,4 mm

Þetta veðurfar fór einstaklega illa með nýju flatirnar okkar (4. og 6.) og erfiðlega gekk að halda raka í þeim. Einnig fór þurrkurinn og hitaleysi framan af illa með nýju teigana á 3. en þeir tóku vel við sér undir lok sumars og stefnir vallarstjóri að því að hafa þá í topp standi fyrir meistaramót 2024.

Á endanum fundum við vatnsmiðlunarefna kokteil sem virkar mjög vel á flatirnar og nýju teigana og verður notað á næsta ári til að viðhalda raka í þeim og vexti.

Þar sem ég er nýr á þessu svæði og engir tveir golfvellar eins ákvað ég að viðhalda áburðar áætlun forvera míns fyrsta árið mitt til að læra á aðstæður. Að meðaltali fóru um 5-6 kg N/ha á 10-15 daga fresti.

Líkt og áður segir var lang stærsta vandamálið sem við glímdum við yfir hásumarið þurrkur og skortur á vatni. Vatnsbólið okkar þornaði upp og þurftum við að grípa til þess að dæla vatni á vatnsbamba úr vélageymslu og keyra þaðan út á völl. Þessi aðferð hjálpaði en var langt frá því að vera almennileg lausn enda einstaklega tímafrek aðferð.

Stjórn- og starfsfólk klúbbsins er að vinna að því að tryggja okkur aukið vatnsmagn til að geta burgðist við þurrkatíð sem þessari í framtíðinni.

Fyrir áhugasama má sjá slátturhæðir sumarsins og tíðni í sumar

Svæði	Tíðni sláttar	Slátturhæðir
Flatir	4-6x í viku	4 - 5,5 mm
Teigar	3-4x í viku	9 - 11 mm
Brautir	2-3x í viku	11 - 14 mm

6.flöt 09.maí



Vinnudagur

Vinnudagurinn okkar fór fram aðeins seinna þetta árið 20.maí og helstu verkefni sem ber að nefna voru grjóthreinsun á 7. - og 16.braut, lagfæring á stígum, trjá snyrtingar, sandur lagaður til og bætt í glompur, merkingar keyrðar út, rusli hent út úr gamla pool herberginu og vallarklósett standsett og skreytt.

Veðrið var ekki að vinna með okkur þann daginn og var einstaklega vindasamt og kalt en félagsmenn GÖ eru ekki þekktir fyrir að kalla allt ömmu sína og var mætingin frábær miðað við aðstæður og mikið komst í verk.

Þessir dagar eru gríðarlega mikilvægir og hjálpa okkur starfsfólkinu mikið. Við vonum að mæting verði góð áfram og sérstaklega næsta vor þar sem klúbburinn er að fara fagna fimmtugasta aldursári og er von okkar að völlurinn skarti sínu allara fegursta næsta sumar.

Framkvæmdir

Frá fyrra ári ber helst að nefna nýja teiga á 3.holu. Sáð var í þá í vor, þeir nokkuð seinir til en tóku vel við sér undir lok sumars og koma til með að vera orðnir góðir um mitt næsta sumar.

Nýtt klósett var sett upp við 6.teig, hliðin á teignum sjálfum var smurð með mold og sáð í. Umhverfi klósettsins verður klárað í vor og hóllinn vinstra megin við klósettið sléttur.

Svæði hægra megin við 7.flöt var grafið upp og skipt um jarðveg. Einnig grafið fyrir nýjum stíg frá flöt

Rétt fyrir formlega lokun hófst framkvæmd á nýrri 9. flöt. Öllum glompum kring um flötina var lokað og lögun flatarinnar breytt. Hóll búinn til hægra megin sem teygir sig inní flötina, aftari partur flatarinnar hækkaður upp og landslag búið til. Hugsunin er að flötin komi til með að taka betur við inná höggum til að lágmarka möguleika þess að þokkalegum höggum inn á flötina sé refsað og að höggið sé ekki að mestu blint.

Drenpúði er kominn í, og er setfnan sett að hafa flötina tilbúna fyrir sáningu núna í vor.

Einnig er vinna hafin við að loka skurðinum við rauða teiginn á 12.braut og verður tilbúin til tyrfingar í vor.

Vélamál

Vélar klúbbsins eru heilt yfir í góðu standi eftir sumarið. Við lentum þó í nokkrum bilinum sem áttu aðallega við vinnubíla.

Framleiðandi er hættur að framleiða varahluti fyrir einn þeirra og er orðið mjög erfitt að finna marga varahluti í tækið.

Rétt eftir lokun vallarins fengum við nýju flatarvélina afhenda og verður hún klár til vinnu í vor.

Það er komið að þeim tíma að skipta út nokkrum af stærri vélum klúbbsins.

Fyrsta vélin sem þarf að endurnýja er röff vélin, en hún er bæði dýr í innkaupum og rekstri.

Einnig er stutt í að önnur brautavélin ljúki líftíma sínum.

Í stað þess að endurnýja þessar vélar með stórkostlegum kostnaði ætlum við að stíga skref til framtíðar og kaupa sláttur róbota sem koma til með að slá allar brautir og allt röff.

Helsti kosturinn við róbótana er afkastageta þeirra og því mun gefast mun meiri tími í uppbyggingar verkefni og viðhald á umhverfi vallarins sem erfitt er að finna tíma fyrir.

Með röffvélinni getum við slegið röffið 2x í viku max ef slátturmaður nær að slá að mestu óhindrað.

Með róbótum getum við slegið röff 3-4x í viku. Helsti ávinningurinn verður sá að vélarnar koma ekki til með að skilja eftir sig slæju sem boltar týnast í og slátturinn er betri.

Einnig er viðhald á róbótum umtalsvert auðveldara og umboðsaðili kemur til með að eiga alla varahluti til á lager og koma þannig í veg fyrir að vélar standi óhreyfðar yfir hásumar.



Ceora róbota að störfum á 9.braut

Lokaorð

Að lokun vil ég þakka fyrir golfsumarið. Mörg og stór golfmót voru haldin og völlurinn vel nýttur á almennum dögum.

Árið var sannkölluð eldskýrn fyrir undirritaðann, mikið að læra og náttúruöflin ekki að vinna með okkur fyrr en undir blá lok sumars sem setti mikið strik í reikninginn.

Að því gefnu að næsta sumar verði hentugara til ræktunar heiti ég því að völlurinn muni stór batna og skarta sínu fegursta á afmælis árinu og vil ég þakka stjórn, nefndum, starfsfólki og meðlimum klúbbsins fyrir mikla þolinmæði í sumar og gott samstarf.

